

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldið Haukamýri Haukamýrgili



Dags eftirlits	20.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldið Haukamýri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Haukamýrgili	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6607061190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pétur Bergmann Árnason	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Friðrik Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram frá kröfum starfsleyfis í eftirlitinu en þrjár ábendingar voru settar fram er varða umgengni á lóð stöðvarinnar, uppfærslu áætlana og fjölda fugla við frárennsli í viðtaka.

UMFANG EFTIRLITS

Um landeldisstöð er að ræða þar sem eldið er staðsett bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur sunnan við Húsavíkurbæ, upp á sjávarbakka og rennur frárennslið út í Skjálfaflóa.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna frávíka frá síðasta eftirliti er lokið nema frávíki er varðar sláturhús og vinnslu við stöðina. Fyrirhugað er að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina og verður slátrun og vinnsla fiskjar sett inn í þá umsókn. Óskað er eftir því að rekstraraðili sendi inn tímasetta áætlun um það hvenær umsókn um nýtt starfsleyfi verði send Umhverfisstofnun. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar er eftirlitið fór fram. Eintak af starfsleyfinu var til staðar í stöðinni og yfirlitsmynd af kerjum og lagnakerfi var afhent í eftirlitinu.

Framleiðsla frá síðasta ári hefur aukist aðeins og voru framleidd 345 tonn í stöðinni árið 2020 en hámarks framleiðsluheimild skv. starfsleyfi er 450 tonn. Einungis er alin bleikja í stöðinni. Verið er að lagfæra kerjaaðstöðuna innandyra, verða færri en stærri ker í rýminu.

Sjálfvirkt fóðurkerfi er fyrir öll ker og er fóðrið geymt í sílóum á lóð stöðvarinnar. Öllu fóðri, nema því minnsta, er blásið frá flutnings bílum og yfir í sílóin og sparast þar með mikið magn fóðurumbúða á ársgrundvelli.

Engar breytingar hafa verið gerðar á frárennsli frá húsunum frá síðasta eftirliti. Allt vatn er endurnýtt og rista eru á kerjum og við útrás. Fyrsta nýting vatnsins er fyrir smæsta fiskinn sem alinn er innandyra, en því næst rennur vatnið út í kerin sem eru byggð á stöllum niður brekkuna. Eldisvatnið er loftað og hreinsað á milli kerja. Slátrun á sér stað í eldisrými neðst í brekkunni og rennur vatn frá sláturhúsinu sem og vatn frá síðustu endurnýtingu kerjanna, yfir í dúkklaedda eldiseiningu, sem þjónar hlutverki setþróar. Ekki var hægt að greina mikla uppsöfnun í þrónni en rekstraraðila var bent á að huga þurfi að tæmingu þróarinnar verði uppsöfnun mikil. Frá þrónni rennur vatnið út í læk, um 20 m frá fjöruborði Skjálfaflóa. Mikið og þungt brim er í fjörunni og því er ekki hægt að lengja frárennslið lengra út í fjöruna. Brimið brýtur lagnirnar. Ekki var að sjá uppsöfnun fóðurleifa, slýs eða óhreininda við frárennslisop en greina mátti um 100-150 fugla í fjöruborðinu við útrásina. Rekstraraðila er bent á að reyna að halda fugli í skefjum eins og unnt er.

Mælingar í frárennsli voru síðast gerðar þann 3. febrúar 2021. Niðurstöður þeirra greiningar koma fram í grænu bókhaldi sem skilað var inn til eftirlitsaðila þann 30. apríl sl. og ekki eru gerðar athugasemdir við þær. Útreikningum á losun N og P út frá fódurmagni vantaði hins vegar. Þeim var skilað í eftirlitinu og voru gildi P 11,25 kg/framleitt tonn og N 50,62 kg/framleitt tonn. Í starfsleyfi er heimil losun á P 20 kg/framleitt tonn.

Uppfært afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.9 í starfsleyfi verður sent eftirlitsaðila að eftirliti loknu en núverandi skírteini gildi til maí 2021. Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar í rekstrarhandbók en bent er á að uppfæra þurfi áætlanirnar m.t.t. breytinga á olúgeymi og annarra atriða ef við á. Vöktunaráætlun þarf einnig að uppfæra.

Hreinsiefni eru geymd í sérstökum skáp inn af vinnslurými. Formalín er í þéttu kerri og eru allar umbúðir endurnýttar í stöðinni. Öryggisblöð voru til staðar og í lagi. Allt rusl er flokkað í þrjá megin flokka og fer rekstraraðili sjálfur ruslið yfir í móttökustöð sveitarfélagsins fyrir sorp við Víðimóa. Dauðfiskur og slóg fer til Skinnfisks á Reykjanesi. Engin lyf eða bóluefni eru notuð í stöðinni. Tveir geymar eru fyrir olíu í stöðinni ásamt nýjum geymi sem tengdur er við ljósavél og er staðsettur inni í lekaheldum gám. Undirbúningur er hafinn að lagfæringu við geymanna og verður sett niður olúskilja og olúhelt plan undir tankana á næstu dögum.

Meindýraeyðir kemur á 3-4 sinnum á ári og sinnir vörnum við stöðina. Meindýr hafa ekki verið vandamál í stöðinni en helst að fugl sækist í kerin en net er yfir þeim flestum.

Gengið var um stöðina, frárennslið skoðað og útrás í viðtaka. Huga þarf að betri frágang á lóðinni m.t.t. öryggis starfsfólks og búnaðar. Ganga þarf betur frá lausum brettum, fódurrörum og frárennslisrörum.

ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar umgengni á lóð stöðvarinnar en huga þarf betur að tiltekt á svæðinu og gæta að öryggi bæði starfsfólks og búnaðar. Ábending var einnig sett fram er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og vöktunaráætlun m.t.t. þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á stöðinni og um fjölda fugla við frárennsli en huga þarf að því að halda þeim frá eins og kostur er.

ANNAÐ

Rekstraraðili er með vottun frá AQUA GAP og fór síðasta úttekt fram í sömu viku og eftirlitið fór fram. Staðfesting þeirrar úttektar og endurnýjun vottunar verður send eftirlitsaðila þegar hún berst.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 24.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir